

GREINARGERÐ

Deiliskipulagsbreytingin tekur til hluta reits 2 innan deiliskipulagsins Eyrin á Ísafirði sem var samþykkt 16. okt. 1997 og tók gildi árið 1998. Markmið breytingarinnar er að skapa svigrúm til uppbyggingar á lóð Eyrarskjóls í sátt við verndun á svæðinu.

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br. Skipulagssvæðið er innan svæðis Þ12 sem er m.a. ætlað fyrir leikskóla. Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis H8 en safnahúsið á aðliggjandi lóð er eina byggingin sem nýtur hverfisverndar innan reits 2. Húsakönnun og fornleifaskráning liggja fyrir.

Eyrargata 1

Á lóðinni er leikskóli sem var byggður árið 1979. Heimilt er að byggja við húsið innan byggingarreits í samræmi við lóðalista. Viðbygging skal falla vel að núverandi húsi. Huga skal einnig að nálægð hússins við safnahúsið sem er friðlýst. Hámarkshæð húss er 4,5 m yfir gólfkóta núverandi byggingar.

Gert er ráð fyrir að bílastæði verði áfram í Eyrargötu.

Umhverfi leikskólans skal vera fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðla að góðri hreyfingu og efla þroska nemenda. Öll hönnun skal miðast við að aðgengi sé fyrir alla að skólanum og annarri þjónustu.

Innan lóðar eru friðlýstar fornminjar, sjá umfjöllun um Eyrartún.

Eyrargata - félagsheimili

Gert er ráð fyrir að félagsheimilið við Eyrargötu, sem var byggt árið 1953, verði rífið og lóðin sameinuð Eyrargötu 1.

Bílastæði eru ekki sýnd á uppdrætti en gera skal grein fyrir þeim á aðaluppdráttum.

Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags.

Eyrartún - hverfisvernd

Eyrartún er innan hverfisverndarsvæðis og er ætlað fyrir almenningsgarð og hátíðarsamkomur samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Eyrartún er utan deiliskipulagssvæðisins en er hluti hverfisverndarsvæðisins sem nær til lóðarinnar Eyrargötu 1. Við uppbyggingu skal taka mið af nálægðinni við safnahúsið, í samræmi við ákvæði hverfisverndar sem birt eru í gildandi aðalskipulagi. Hugað skal að heildaráýnd svæðisins með metnaðarfullum aðgerðum og útfærslum, s.s. við val á yfirborðsefnum og útigöngnum. Hugað skal sérstaklega að lýsingu á svæðinu, s.s. gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir skuli upplýstir, þannig að hún samræmist ákvæðum hverfisverndarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af.


Innan hverfisverndarsvæðisins er Eyri, sem er hið forna bæjarstæði Eyrar við Skutulsfjörð og var friðlýst sem fornminjar árið 1970. Friðlýsta svæðið nær einnig til Eyrargötu 1. Friðlýstum fornleifum skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis, nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, skv. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Kynning og málsmeðferð

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 18. október 2018 með fresti til að skila athugasemdum til 3. desember. Fjórar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum. Á fundi sínum þann 19. desember 2018 fjallaði skipulags- og mannvirkjanefnd um innsendar athugasemdir og tók þær til efnislegrar meðferðar. Niðurstaða nefndarinnar var sú að fallið yrði frá skilmálabreytingu á Túngötu 10 og 12 ásamt skilmálabreytingum við Eyrargötu 3. Nefndin samþykkti að skipulagsmörk yrðu aðeins dregin umhverfis lóð Eyrarskjóls, þ.e. Eyrargötu 1, en að frekari uppbygging Eyrartúns verði útfærð nánar í aðalskipulagsgerð.

Eftir auglýsingu hefur mörkum deiliskipulagsins því verið breytt til samræmis við samþykkt skipulags- og mannvirkjanefndar. Auglýstri breytingu fyrir aðrar lóðir innan reits 2 er frestað.

Vorið 2015 var leitað til Minjastofnunar Íslands eftir umsögn varðandi stækkun leikskólans. Í bréfi dags. 12. maí 2016 gerir Minjastofnun ekki athugasemdir við lengingu leikskólans í átt að Túngötu að því tilskyldu að fornleifaefirlit fari fram þegar mokað verður fyrir grunni hússins. Minjastofnun leggst gegn hverskonar röskun á Eyrartúni.



LÓÐALISTI

	Núverandi staða				Breytt skipulag			
	stærð lóða í m ² í DSK	stærð lóða í m ² í FMR	raunnýtingarhlutfall	stærð bygginga í m ² skv. FMR	stærð lóða í m ²	nýtingarhlutfall	hámarksstærð bygginga í m ²	hámarksstækkun bygginga í m ²
Eyrargata 1	0,0	2.027,90	0,21	430,8	2.596,5	0,50	1298,3	867,5

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið

skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____ 20 ____

var samþykkt í bæjarstjórn þann _____ 20 ____.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar

var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 20 ____.

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Mörk breytinga
- Lóð
- Byggingarreitur
- Núv. byggingar
- Víkjandi bygging
- Stærð lóðar
- Friðlýstar fornminjar
- Hverfisverndarsvæði

